



FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

JANÚAR 2011

Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

FAGLEGT EFNI Í FRÉTTABLAÐIÐ	1
FRÆDSLUFUNDIR FIE HAUSTIÐ 2010	1
SKJALFESTING INNRA EFTIRLITS	2
INTERNAL AUDITOR OG NÁMSKEIÐ Á AKUREYRI	7
KYNNING Á FÉLAGSMANNI	6
FRÉTTIR FRÁ ALÞJÓÐANEFND	7
NIÐURSTÖÐUR SKOÐANA- KÖNNUNAR	8
PISTILL STJÓRNAR	10

FAGLEGT EFNI Í FRÉTTABLAÐ FIE

Í könnun sem fræðslunefnd lagði fyrir félagsmenn haustið 2010 var meðal annars spurt um hvers konar efni félagsmenn vildu sjá í fréttabréfi FIE.

Svo til allir sem þátt tóku í könnuninni, eða 97%, vilja sjá meira af fræðslugreinum.

Fræðslunefnd biðlar því til áhugasamra félagsmanna og hvetur þá til að skrifa greinar fyrir blaðið.

Jafnframt bendum við á að þeir sem hafa hlotið fag-gildingu sem innri endurskoðendur fá slík

greinaskrif metin til endurmenntunarpunkta (CPE).

Við hvetjum áhugasama um að hafa samband við fræðslunefndina með því að senda tölvupóst á netfangið fie@fie.is, merkt fræðslunefnd.

FRÆDSLUFUNDIR FIE HAUSTIÐ 2010

ÁHÆTTUSTJÓRNUN, INNRA EFTIRLIT OG HLUTVERK INNRI ENDURSKOÐUNAR- DEILDA.

Fyrirlesarar á morgunverðarfundi FIE í október voru tveir, Anna Margrét Jóhannesdóttir verkefnisstjóri hjá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar og Ingi K. Magnússon sviðsstjóri hjá Ríkisendurskoðun.

Erindi Önnu Margrétar fjallaði um áhættustjórnun og hlutverk innri endurskoðunar-deilda. Í erindi sínu fór hún meðal annars yfir skilgreiningar á hugtökum, fjallaði um feril áhættustjórnunar og sýndi gott dæmi um vinnuskjal. Ingi fjallaði um áhættustjórnun og innra eftirlit í tengslum við virðisaukaskatt, þar sem

viðfangsefnið var nálgast með hliðsjón af „ERM“ (Enterprise Risk Management) áhættustýringu.

SVIKSEMIS OG TRÚNAÐARBROT SEM VIÐFANGSEFNI INNRI ENDURSKOÐUNAR.

Jón H. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari höfuðborgarlögreglu hélt fyrirlestur á morgunverðarfundi FIE í nóvember 2010. Jón fór yfir ýmis dæmi úr dómsmálum sem flokkast undir sviksemi starfsmanns. Hann sagði mjög of væri um að ræða starfsmenn sem höfðu áunnið sér mikið traust og oftast taldi hollir starfinu og eigendum eða fyrirsvarsmönnum. Þessir aðilar hafi fundið leiðir til þess að verjast eftirliti og eða

endurskoðun eða fundið leiðir til þess að viðhafa blekkingar-leik þegar slíkt fer fram, t.d. með rangfærslum og fölsunum. Hann benti jafnframt á að sumir brotamenn hafi af einhverjum ástæðum verið undanskyldir eða yfir það hafnir að sæta skoðun eða eftirliti.

GLÆRUR Á HEIMASÍÐU FIE

Fyrirlesararnir þrír eiga það sameiginlegt að hafa útbúið fróðlegar og vandaðar glærur í tengslum við erindi sín. Þessar glærur er hægt að nálgast á heimasíðu FIE.



Nú stýttist í að fjöldi faggiltra innri endurskoðenda (CIA) nái 100.000.

SKJALFESTING INNRA EFTIRLITS

Samantekt Ingunnar Þórðardóttur verkefnastjóra hjá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar, byggð á umfjöllun um efnið í Internal Auditor.

Eitt mikilvægra viðfangsefna flestra innri endurskoðenda er að koma auga á og skjalfesta eftirlitsaðgerðir stofnana/fyrirtækja. Eftirlit beinist að starfsemi, ferlum og kerfum hjá fyrirtækjum og stofnunum á öllum stigum og þvert á fimm meginflokkum COSO [1] á viðfangsefnum innra eftirlits. Stjórnendur koma á eftirlitsaðgerðum til að draga úr áhættu í starfsemi og ferlum þannig að hún verði ásættanleg. Innri endurskoðendur geta safnað upplýsingum um áhættu og eftirlit með viðtölum, stýrðri hóp-vinnu (facilitated sessions), könnunum, yfirferð/rýni skriflegra gagna og með athugunum (observation).

VIÐFANGSEFNI EFTIRLITS

Ásamt því að meta áhættu og eftirlitsaðgerðir (controls) þurfa innri endurskoðendur að bera kennsl á viðfangsefni og markmið eftirlits (control objectives). Eftirlitsmarkmið geta tengst starfsemi (activity), ferli (process) eða kerfi (system). Þau geta birst í ýmsum skjölum hjá stofnunum/fyrirtækjum s.s. tilgangi fyrirtækis (mission statement), viðskiptaáætlun, starfsáætlun og fjárhagsáætlun

svo að dæmi séu tekin. Innri endurskoðendur geta notfært sér áhættu-töflur skv. aðferðafræði COSO til að kortleggja markmið og áhættur sem tengjast hverju markmiði fyrir sig. Eftirlitsmarkmið snúa oft að hvers kyns meðhöndlun upplýsinga.

Eftirlitsmarkmið ættu að taka til eftirfarandi þátta [2]

- Hvað tryggir að gögn séu heildstæð og rétt (completeness)
- Hvað tryggir nákvæmni í meðferð gagna (accuracy)
- Hvað kemur í veg fyrir aðgerðir sem ekki hafa verið samþykktar af réttum aðilum (validity)
- Hvað tryggir trúnað í meðferð upplýsinga (restricted access)

Eftirlit ætti að taka á tilgreindum áhættum í stofnuninni/fyrirtækinu s.s. þeim sem tengjast stefnu, ferlum í starfseminni, skýrslugjöf og hvort farið sé að reglum og fyrirmælum (compliance).

Til þess að skjalfesta innra eftirlit á árangursríkan hátt þurfa innri endurskoðendur að átta sig á umhverfi ferla s.s. flæði aðgerða (sem felur í sér að skilja hvernig

þær verða til, skráningu þeirra, samþykktarferli, hvernig þær fara í gegnum kerfið og hvernig þær birtast að lokum). Enn fremur þarf að átta sig á og skjalfesta áhættur inni í ferlunum sjálfum, t.d. misferlishættur og gera sér grein fyrir hvað sé hægt að gera til þess að bregðast við þessum hættum.

Innri endurskoðendur verða að geta metið hvaða eftirlitsaðgerða (controls) er þörf. Stjórnendur eru hins vegar ábyrgir fyrir að móta fullnægjandi viðskiptaferla og mælikvarða á frammistöðu ferlanna, ásamt því að fylgjast með ferlum og eftirlitsaðferðum (vakta). Þetta þurfa innri endurskoðendur að hafa í huga þegar þeir skjalfesta formlegar (skriflegar) eða óformlegar (munnlegar) eftirlitsaðgerðir (controls).

Um er að ræða margar mismunandi tegundir skjalfestingar (það fer eftir eðli starfseminnar hvað á við); s.s. flæðirit, handbækur (policy and procedure manuals) og verklýsingar. Oft nota innri endurskoðendur flæðirit ásamt lýsandi texta sem byrjunarpunktur við skjalfestingu ferlis. Þegar þetta liggur fyrir eru áhættu- og eftirlitstöflur (risk maps) gjarnan notaðar til nánari greiningar. Þessar aðferðir eru ásamt spurningarlistum þekktastar og mest notaðar.

Innri endurskoðendur geta safnað upplýsingum um áhættu og eftirlit með:

- viðtölum,
- stýrðri hóp-vinnu (facilitated sessions),
- könnunum,
- yfirferð/rýni skriflegra gagna og með
- athugunum (observation).

Innri endurskoðendur verða að geta metið hvaða eftirlitsaðgerða er þörf.

Stjórnendur eru hins vegar ábyrgir fyrir því að móta fullnægjandi viðskiptaferla og eftirlit með þeim

SKJALFESTING INNRA EFTIRLITS—FRAMHALD

HELSTU TEGUNDIR SKJALFESTINGAR:

Flæðirit: eru notuð til að lýsa flæði athafna og gagna. Meginúttakið er myndræn kortlagning athafna þeirra sem koma að ferlinum.

Slíkar teikningar hjálpa til að öðlast skilning á ferlinu, spara tíma í samskiptum við stjórnendur, sýna mögulegar áhættur, sýna hvar eftirlitsaðgerðir eru staðsettar í ferlinu, sýna fram á hverju er ábótavant og til að þróa ábendingar um endurbætur á ferlinu. Þau gefa yfirsýn.

Textalýsingar: Lýsa ferli í orðum og eru góð viðbót við flæðirit þar sem texti lýsir í meiri smáatriðum hvað gerist í ferlinum. Þetta getur komið í veg fyrir misskilning. Ekki góðar einar og sér.

Spurningalistar: Vel hannaðir spurningalistar á formi sem er þægilegt fyrir ytri aðila, t.d. ytri endurskoðendur, að átta sig á og hjálpa til við að einfalda mat á gæðum eftirlitsaðgerða.

Áhættumat: Áhættutöflur tengja eftirlitsaðgerðir saman við markmið starfsemi og þær áhættur sem tengjast markmiðum. Þær eru hannaðar til þess að skjalfesta bæði áhættu- og eftirlitsaðgerðir og til þess að vera farvegur (facilitate) fyrir mat á eftirlitskerfum /aðgerðum. Með

því að öðlast skilning á væntingum um eftirlit innan ferils, geta innri endurskoðendur lagt mat á bilið milli raunverulegs eftirlits og eftirlitsmarkmiða sem ekki eru uppfyllt og áhættu því samfara.

Handbækur: (Policy and procedure manuals) Eru kerfisbundinn rammi og leiðbeiningar fyrir tilgreinda ferla og aðgerðir hjá stofnunum/fyrirtækjum sem eiga að vera farvegur fyrir skilvirka innleiðingu framkvæmdar viðskiptastefnu og/eða ferla. Handbækur innihalda/lýsa venjulega viðeigandi eftirlitsaðgerðum með það að markmiði að draga úr áhættu á rangri framkvæmd. Þannig reyna fyrirtæki að tryggja bæði að markmiðum sé fylgt og að framkvæmd sé af ákveðnum gæðum.

Margs konar aðferðir má nota til að bera kennsl á og skjalfesta innra eftirlit. Bestu aðferðir fela í sér notkun flæðirita, textalýsingar, áhættumats-töflur og rýningu handbóka, verklagsreglna og annarra hlutaðeigandi skriflegra fyrirmæla. Árangursríkt mat á innra eftirliti er ekki hægt að framkvæma nema fyrir liggji greining á lykiláhættum og eftirlitsþáttum.

TAKMARKANIR FERLAGREININGA

Þó að skjalfesting ferla geti verið gott tæki þá á hún einungis við í ákveðnum tegundum verkefna innri endurskoðenda. Innri endurskoðendur þurfa að átta sig á takmörkunum þessarar aðferðar og að þörf sé á að skipta slíkum aðferðum út fyrir aðrar aðferðir sem nýta má til að bera kennsl á heildarumfang innra eftirlits. [3] SarbanesOxley krefst t.d. ekki skjalfestingar ferla og skjalfesting er ekki áberandi þáttur í COSO's Internal Control-Integrated-Framework. Bæði Sarbanes-Oxley og COSO fela í sér ákvæði um að bera kennsl á eftirlitsþætti, en ekki um að skjalfesta ferlana sjálfa.

Innri endurskoðendur skjalfesta ferla til þess að bera kennsl á eina tiltekna tegund innra eftirlits, þ.e. ferli sem veitir ákveðna vissu um að gögn séu færð inn/skráð, meðhöndluð og komi út á nákvæman hátt, tímanlega og samþykkt af réttum aðilum. Þessi tegund greiningar getur af sér lista yfir eftirlitsviðföng (control objectives) sem ferlið ætti að uppfylla, eins og t.d. verið viss um að reikningsfærsla hafi verið staðfest af réttum aðila. Þetta er ein af mörgum aðferðum til þess að greina ferla.



Greinarhöfundur
Ingunn Þórðardóttir
MPM, B.Sc.

Helstu tegundir skjalfestingar:

- flæðirit
- textalýsingar
- spurningalistar
- áhættumat
- handbækur

SKJALFESTING INNRA EFTIRLITS—FRAMHALD

Innri endurskoðendur nota skjalfestingu ferla til þess að greina hvernig viðskiptavinir þeirra stjórna flæði upplýsinga og hafa eftirlit með þeim. Oft má í kjölfarið meta áhættur sem ógna að eftirlitsmarkmið náist og skrásetja viðbrögð eða eftirlitsaðgerðir sem uppgötva eða koma í veg fyrir áhættur í ferlinum.

HLUTI

HEILDARMYNDAR

Pegar meta á innri eftirlitsþætti (internal controls) þarf að hafa í huga að ferlaeftirlit (process control) er aðeins hluti heildarmyndarinnar. Ef stuðst er við COSO þá nær ferlagreining einungis yfir tvo þætti aðferðafræðinnar þ.e. áhættumat á starfsemi (Risk Assessment) og eftirlitsaðgerðir (Control Activities). Hins vegar nær hún ekki utan um hina þrjá þættina þ.e. eftirlitsumhverfið (Control Environment), upplýsingar og samskipti (Information and Communication) og stjórnendaeftirlit (Monitoring). Jafnframt þyrfti þá að fjalla um markmiðssetningu og áhættu á að markmið náist ekki hvað varðar heildareftirlit (entity level).[4] Skjalfesting ferla gefur innri endurskoðendum upplýsingar sem nýta má til þess að greina mögulegar áhættur og þau viðbrögð

sem stjórnendur hafa viðhaft til þess að bregðast við áhættum. (Dæmi eru mælingar á rekjanleika breytinga á færslum í upplýsingakerfum og notendanöfn). [5]

Pegar ferlar hafa verið skjalfestir þarf að komast að því hvaða eftirlitsaðgerðum (control activities) stjórnendur hafa komið á fót til þess að fylgjast með því hvort farið sé eftir ferlinu og það virki eins og til er ætlast. Dæmi um slíkt er aðgreining starfa, rýning æðstu stjórnenda (top level reviews), lykilárangursþættir (key performance indicators), reglur og verklýsingar (policies and procedures) og breytingastjórnun upplýsingakerfa (IT program change controls). Mikilvægt er að gera greinarmun á eftirliti með ferlum (process flow controls) sem eru viðbrögð við áhættu og eftirlitsaðgerðum stjórnenda (control activities) sem eru aðgerðir til þess að tryggja að viðbrögð við áhættu séu raunverulega ástunduð og virki eins og til er ætlast.

AÐRAR AÐFERÐIR

Innri endurskoðendur eru ekki á nokkurn hátt skuldbundnir af reglum eða stöðlum um að skjalfesta ferla í smáatriðum, heldur þurfa þeir að skilja flæði

færslna (transactions) og hvernig þær verða til, samþykktar, skráðar, meðhöndlaðar og hvernig þær birtast loks í skýrslum. Þetta er nauðsynlegt til þess að geta bent á veikleika í ferlinu og möguleika á misferli. Eins og fyrr sagði getur skjalfesting ferla aðeins nýst endurskoðendum til þess að bera kennsl á ákveðnar tegundir eftirlitsþátta og aðrar aðferðir geta verið árangursríkari. Það fer eftir aðstæðum hvaða aðferðir eru heppilegar hverju sinni. Því ættu endurskoðendur ávallt að hafa í huga þær takmarkanir sem þessi aðferð hefur og hvaða aðrir valkostir eru fyrir hendi. Dæmi um aðrar aðferðir eru t.d. COSO's Risk Assessment and Control Activities Worksheet eða Risk Control Matrix (RCM) sem metur eftirlitsaðgerðir út frá áhættum tengdum markmiðum fyrirtækis fremur en flæðiritum og lýsingum á verkferlum. Einnig má nefna SWOT-greiningu sem greinir styrkleika, veikleika, tækifæri og ógnanir. Þar sem SWOT-greining er þekkt tæki í mörgum fyrirtækjum getur þetta auðveldað innri endurskoðendum framsetningu niðurstaðna varðandi eftirlit.

Pegar meta á innri eftirlitsþætti þarf að hafa í huga að ferlaeftirlit er aðeins hluti heildarmyndarinnar

Pegar ferlar hafa verið skjalfestir þarf að komast að því hvaða eftirlitsaðgerðum stjórnendur hafa komið á fót til að fylgjast með því hvort farið sé eftir ferlinu og það virki

SKJALFESTING INNRA EFTIRLITS—FRAMHALD

Gátlistar eru mikið notaðir til eftirlits með ferlum og eru því góður upphafsreitur til að kortleggja eftirlitsþætti. Vinnustofur þar sem umræður er leiddar af leiðbeinanda (facilitator) og kannanir (surveys) geta verið heppilegar leiðir til þess að bera kennsl á eftirlitsþætti. Sjálfsmat með aðstoð leiðbeinanda (facilitators) er einnig góð leið til að greina eftirlitsþætti. Jafnframt gefur slíkur vettvangur starfsmönnum tækifæri til aukinnar þekkingar á ferlunum í gegnum umræður og rökræður um viðfangs efnið.

TILVITNANASKRÁ:

[1] The Committee of Sponsoring Organizations of the Treadway Commission (1992) *Internal Control—Integrated Framework* skilgreinir fimm meginflokka innra eftirlits : Eftirlitsumhverfi, áhætta, eftirlitsaðgerðir, upplýsingar og samskipti, stjórnendaeftirlit (vöktun).

[2] Koutoupis, Andreas G. (2007), *Documenting Internal Controls*, The Internal Auditor, (October 2007) bls. 25

[3] Hubbard, Larry (2005), *The limits of Process Documentation*, The Internal

Auditor, (June 2005) bls. 26

[4] Clayton, Daniel (2009), *A risk-centric approach that works*, The Internal Auditor, (August 2009) bls. 37

[5] Hubbard, Larry (2005), *The limits of Process Documentation*, The Internal Auditor, (June 2005) bls. 27

Dæmi um aðrar aðferðir til að bera kennsl á eftirlitsþætti:

- COSO's risk Assessment
- SWOT greining,
- gátlistar,
- stýrð hópvinna
- sjálfsmat
- kannanir

TÍMARITIÐ “INTERNAL AUDITOR”

Tímaritið **Internal Auditor** er gefið út af IIA, alþjóðlegum samtökum innri endurskoðenda.

Í því má finna margvíslegar greinar um faglegt efni sem

viðkemur innri endurskoðendum og störfum þeirra.

Rafræna útgáfur tímaritsins er hægt að nálgast á vef IIA, www.theiia.org,



NÁMSKEIÐ HR Í SAMSTARFI VIÐ FIE

FagMennt Háskólans í Reykjavík mun halda tvö námskeið á vorönn í samstarfi við FIE. Bæði námskeiðin verða haldin á Akureyri. Annars vegar námskeiðið „Innra eftirlit—lykilþáttur í árangri fyrirtækja” sem kennt verður 27. janúar. og hins vegar „Innri endur-

skoðun á tímamótum” verður 24. febrúar. Leiðbeinendur eru Anna Margrét Jóhannesdóttir, stjórnsýslufræðingur og faggiltur innri endurskoðandi (CIA) og Nanna Huld Aradóttir, viðskiptafræðingur og faggiltur innri endurskoðandi (CIA).

Sambærileg námskeið voru haldin tvö síðast liðið haust í Reykjavík og voru þau vel sótt og fengu góða dóma hjá þátttakendum.

Nánari upplýsingar má finna á www.opnihaskolinn.is

Innra eftirlit—
lykilþáttur í
árangri fyrirtækja
27. jan. Akureyri.

Innri
endurskoðun á
tímamótum

24. feb. Akureyri.

KYNNING Á FÉLAGSMANNI:**ÁGÚST HRAFNKELSSON, INNRI ENDURSKOÐANDI ÍSLANDSBANKA OG FORMAÐUR ALPJÓÐANEFNDAR FIE**

Ágúst Hrafnkelsson, innri endurskoðandi Íslandsbanka, er sá félagsmaður sem orðið hefur fyrir valinu í kynningarhorninu að þessu sinni. Hjá Íslandsbanka starfa nú sjö manns við innri endurskoðun, en auk þess er innri endurskoðun tiltekinna dótturfélaga útvistað.

Ágúst tók sæti í alþjóðanefnd Félags um innri endurskoðun við stofnun félagsins árið 2003 og tók virkan þátt í undirbúningi aðildarumsóknar þess að alþjóðasamtökum innri endurskoðanda. Hann sat í stjórn félagsins frá 2004 – 2010 og var formaður frá 2006 – 2010. Ágúst var kjörinn formaður alþjóðanefndar félagsins á síðasta aðalfundi, samhliða breyttu fyrirkomulagi nefndaskipunar. Hann hefur átt sæti í alþjóðanefnd alþjóðasamtaka innri endurskoðanda frá árinu 2008. „Það hefur verið ánægjulegt að taka þátt í að byggja upp faggreinina hér á landi, sem og að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Félagið hér heima hefur vaxið og dafnað og skapað sér ákveðinn sess, en mikið starf er einnig framundan. Mikilvægt er að sem flestir félagsmenn taki virkan þátt í starfinu, bæði til að starfsemi félagsins verði sem öflugust hverju sinni og ekki síður til að sækja sjálfum sér mikilvægan fróðleik og persónuleg tengsl við aðra félagsmenn. Einnig er æskilegt

að sem flestir ljúki prófum í innri endurskoðun og sýni þannig fram á þekkingu sína og skilning á faginu.“

Ágúst hlaut löggildingu í verðbréfamiðlun árið 2001, lauk prófi í innri endurskoðun banka (CBA) árið 2002 og í innri endurskoðun (CIA) árið 2004. Hann hefur langa starfsreynslu í banka-geiranum allt frá því að hann hóf störf hjá Landsbanka Íslands árið 1986 sem sumarstarfsmaður í útibúi. Árið 1988 var Ágúst ráðinn til fastra starfa hjá bankanum, þar sem hann starfaði á Alþjóðasviði og síðar sem forstöðumaður Upplýsingavinnslu bankans, Árangursstýringar og Eignadeildar. Árið 2000 var hann ráðinn staðgengill innri endurskoðanda Landsbankans og síðar innri endurskoðandi og hefur starfað við innri endurskoðun síðan. Ágúst réð sig til Reykjavíkurborgar árið 2003 til að koma á laggirnar innri endurskoðunardeild. Hann var innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar til ársins 2006 þegar hann réðst til starfa í innri endurskoðun Kaupþings banka. Á haustmánuðum 2007 var hann ráðinn innri endurskoðandi Glitnis banka, en tók sæti í skilanefnd bankans að beiðni stjórnar Fjármálaeftirlitsins við fall

hans haustið eftir. Í kjölfar stofnunar Nýja Glitnis banka – nú Íslandsbanka – réð stjórn bankans Ágúst í stöðu innri endurskoðanda og sagði hann sig úr skilanefnd í framhaldi af því.

Ágúst er kvæntur Helgu Stefánsdóttur, verkfræðingi og forstöðumanni hjá Hafnarfjarðarbæ, og eiga þau tvö börn, 11 og 16 ára. Helstu áhugamálin tengjast ljósmyndun og kvikmyndagerð, ferðalögum, flugi og útiveru. „Í sumar náðum við hjónin til dæmis ágætlega að tengja áhugamálin með fjöggra daga gönguferð á Laugaveginum með myndavélina í farteskinu.“ Árið 1995 tók Ágúst þátt í stofnun Breiðra brosa, samtaka aðstandenda barna með skarð í vör og góm, og sat í stjórn þess frá 1995 – 2003, fyrst sem gjaldkeri og síðan formaður frá 1997 – 2003. Jafnframt sat hann í stjórn Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, á árunum 1999 – 2009 og var formaður frá 2006 – 2009. Frá árinu 2009 hefur Ágúst verið fulltrúi Umhyggju í stjórn Sjónarhóls, ráðgjafamiðstöðvar fyrir foreldra barna með sérþarfir.

**Fæðingarstaður:**

Reykjavík 1967

Foreldrar:

Hrafnkell Ársælsson og Svava Ágústsdóttir

Maki:

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur

Menntun:

Cand. Oecon frá HÍ af reikningshalds- og fjármálasviði 1989, löggilding í verðbréfamiðlun árið 2001, CBA árið 2002 og CIA árið 2004

FRÉTTIR FRÁ ALPJÓÐANEFND - UPPFÆRÐIR STAÐLAR TÓKU GILDI UM ÁRAMÓT

Alþjóðanefnd heldur utan um samskipti við alþjóðasamtök innri endurskoðenda og eftir atvikum aðra erlenda samstarfsaðila félagsins. Nefndin fylgist einnig með þróun alþjóðlegra staðla á sviði innri endurskoðunar. Nefndarmenn á starfsárinu 2010 – 2011 eru Ágúst Hrafnkelsson, formaður, Ástráður Karl Guðmundsson, Sigurjón G. Geirsson og Sveinbjörn Egilsson.

Nefndin hefur nú til skoðunar hvort auka megi samvinnu við norræn systurfélög FIE, en aukin samvinna við frændur vora hefur verið á stefnuskrá félagsins um nokkurt skeið. Jafnframt hefur nefndin til skoðunar að hversu miklu leyti það er fýsilegt að þýða alþjóðlega staðla og ítarefni um innri endurskoðun á íslensku. Slík þýðing er umfangsmikið verk efni, sem felur meðal annars í sér framsetningu samhæfðs orðasafns yfir helstu hugtök.

Talið er mikilvægt að ýmis grundvallarskjöl verði aðgengileg á íslensku til að gera þau aðgengilegri fyrir félagsmenn, auðvelda tilvísanir til þeirra í innlendu efni og notkun í samskiptum við ytri aðila. Vinnur nefndin að gerð þýðingaráætlunar, sem lögð verður fyrir stjórn.

Um nýliðin áramót tók gildi ný útgáfa alþjóðlegra staðla um innri endurskoðun („International Professional Practices Framework“). Stöðlum er þó ekki umbylt að þessu sinni, en þremur nýjum stöðlum hefur verið bætt við (2010.A2, 2070 og 2450), fimmtán hefur verið breytt og tveir felldir niður (2130.A2 og 2130.A3). Þá hafa sex skilgreiningar hugtaka verið uppfærðar:

„Add Value“,
„Chief Audit Executive“,
„Control Environment“,

„Independence“,

„Information Technology Governance“ og

„Objectivity“.

Mikilvægustu breytingarnar tengjast kröfum sem þarf að uppfylla við álitsgjöf innri endurskoðenda og ábyrgð fyrirtækis á innri endurskoðun þrátt fyrir að henni kunni að hafa verið útvistað.


Alþjóðanefnd hvetur félagsmenn til að kynna sér nýja útgáfu staðlanna, en hana má nálgast á <http://www.theiia.org/guidance/standards-and-guidance/ippf/standards/>. Þeim sem vilja kynna sér breytingar frá fyrri útgáfu er bent á „Mark-up“ útgáfuna sem er aðgengileg á sömu vefslóð.

Alþjóðanefnd FIE

formaður:



Ágúst Hrafnkelsson



Ástráður Karl Guðmundsson




Sigurjón G. Geirsson



Sveinbjörn Egilsson

Erindi til alþjóðanefndar FIE er hægt að senda í pósthólfnið fie@fie.is merkt alþjóðanefnd.



NIÐURSTÖÐUR SKOÐANAKÖNNUNAR FRÆÐSLUNEFNDAR MEÐAL FÉLAGSMANNA 2010

Síðast liðið haust gerði fræðslunefnd FIE könnun meðal félagsmanna FIE. Tilgangurinn með könnuninni var meðal annars að leita eftir ábendingum frá félagsmönnum varðandi áherslur í fræðslustarfi vetrarins og efni fréttablaðs félagsins. Fimm spurningar voru

lagðar fyrir í könnuninni og fengust svör frá fjörutíu og einum félagsmanni. Flestir svarenda höfðu áhuga á fræðslu í tengslum við áhættustjórnun og áhættumat. Jafnframt var mikill áhugi fyrir fræðslu varðandi sviksemisrannsóknir. Svör félagamanna hafa

hjálpað fræðslunefnd við skipulagningu fræðslufyrirlestra og tóku erindi á morgunverðarfundum í október og nóvember mið af niðurstöðum könnunarinnar. Hér að neðan og á næstu blaðsíðu má sjá svör félagsmanna auk svara í könnun sem gerð var árið 2005.

Spurt var "Innan hvaða atvinnugreinar starfar þú?"

	Könnun 2010		Könnun 2005	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjármálafyrirtæki og skilaneindir	20	49%	13	39%
Ríki og sveitarfélög	13	32%	14	42%
Endurskoðunar og ráðgjafafyrirtæki	6	15%	5	15%
Annað	2	5%	1	3%

Spurt var um stærð endurskoðunardeildar

	Könnun 2010		Könnun 2005	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Einn starfsmaður	8	20%	8	22%
Tveir til fimm starfsmenn	7	18%	4	11%
Sex og fleiri starfsmenn	19	48%	18	49%
Starfa ekki við innri endurskoðun	6	15%	7	19%

Spurt var hvort félagsmaður stefndi að faggildingu sem innri endurskoðandi (CIA)

	Könnun 2010	
	Fjöldi	Hlutfall
Já - innan eins árs	6	16%
Já - innan tveggja ára	8	21%
Veit ekki	15	39%
Er þegar faggildur	9	24%

Spurt var um hvers konar efni félagsmenn vildu helst sjá í fréttabréfi félagsins

	Könnun 2010	
	Fjöldi	Hlutfall
Fræðsluefni og greinar sem tengjast innri endurskoðun	36	97%
Viðtöl við fræðimenn á sviði innri endurskoðunar	26	70%
Reynslusögur úr störfum innri endurskoðenda	22	59%
Fréttir og ýmsar upplýsingar úr starfi félagsins	20	54%
Örviðtöl við hinn almenna félagsmann	6	16%
Ábendingar um bækur, ráðstefnur o.þ.h.	2	5%

Flestir félagsmenn höfðu áhuga á fræðslu í tengslum við áhættustjórnun og áhættumat.


53%

svarenda hafði áhuga á fræðslu varðandi sviksemisrannsóknir

Svör félagsmanna hafa hjálpað fræðslunefnd við skipulagningu fræðslufyrirlestra

Áherslur í fræðslustarfi starfsárið 2010 - 2011	Könnun 2010		Könnun 2005	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættustjórnun og áhættumat	26	66%	27	82%
Sviksemisrannsóknir (Fraud Investigations)	21	53%		
Basel II m.t.t innri endurskoðunar, regluvörslu og áhættustýringar	18	47%		
Uppbygging innri úttekta og gæðastjórnun (Quality Assessment)	18	47%	21	64%
Tölvuendurskoðun	17	45%	12	36%
Notkun tölfræðilegra úrtaksaðgerða við endurskoðun (audit sampling)	16	42%	13	39%
Mat á áhættuþáttum í reikningsskilum og aðferðir til að mæta þeim	16	42%	20	61%
Innra eftirlit almennt	15	39%	19	58%
Gagnagreiningarforrit – Excel, ACL, IDEA o.s.frv.	15	39%	14	42%
Stjórnarhættir fyrirtækja (Corporate Governance)	14	37%	13	39%
Skýrsluskrif og samskiptatækni	10	26%	28	85%
Árangursmælingar (t.d balance scorecard)	4	11%	12	36%
Samspil innri og ytri endurskoðunar, skörun, ekki skörun	1	3%		
SAS 70 / ISAE 3402	1	3%		

Tillögur félagsmanna varðandi áherslur í fræðslustarfi FIE 2010 - 2011



Heimasíða félagsins er:

www.fie.is



Ábyrgðarmaður:

Albert Ólafsson

Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður

Guðjón V. Valdimarsson

Ingunn Þórðardóttir

Þórir Haraldsson

**FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI
(PROGRESS THROUGH SHARING)**

PISTILL STJÓRNAR

Ágætu félagar

Þann 1. janúar 2011 gengu í gildi nýir uppfærðir staðlar hjá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (IIA). Samtökin telja mikilvægt að staðlarnir séu reglulega yfirfarnir, a.m.k. á þriggja ára fresti og uppfærðir eftir því sem við á. Lýsing á helstu breytingum er í pistli Alþjóðanefndar félagsins í þessu fréttabréfi. Alþjóðasamtök innri endurskoðenda (IIA) hafa nýverið skrifað undir viljayfirlýsingu við Alþjóðasamtök ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Um er að ræða stefnumótandi skjal um hvernig háttá skuli samstarfi þessara alþjóðlegru samtaka þar sem leitast verður við að ná frekara samstarfi og samræmi í leiðbeiningum og stöðlum í tengslum við innri endurskoðun hjá hinu opin-

bera. Meðfylgjandi er tilvísun í fréttatilkynningu IIA. (<http://www.theiia.org/recent-iaa-news/index.cfm?i=14777>)

Stjórn félagsins er að ljúka við gerð nýs kynningarbæklings fyrir félagið, þar sem fram kemur skilgreining á helstu viðfangsefnum innri endurskoðunar. Fasta-nefndir félagsins starfa á grundvelli nýsamþykkrtra erindisbréfa. Með starfsemi fastanefnda náum við fram því markmiði að byggja upp öflugra starf félagsins og fleiri meðlimir eru nú virkari í félagsstarfinu. Unnið er að endurskoðun og uppfærslu á heimasíðu félagsins með það að markmiði að gera efni félagsins enn aðgengilegra.

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - (www.theiia.org) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

Stjórn FIE:



formaður:

Nanna Huld Aradóttir



varaformaður:

Anna Margrét Jóhannesdóttir



gjaldkeri:

Sif Einarsdóttir



ritari:

Páll Ólafsson



meðstjórnandi:

Albert Ólafsson

Framundan er svo undirbúningur að árlegum innri endurskoðunardegi, þar sem núverandi og framtíðarviðfangsefni innri endurskoðunar verða rædd. Dagskrá innri endurskoðunardagsins verður kynnt þegar hún liggur endanlega fyrir en stefnt er að því að halda innri endurskoðunardaginn í lok mars.

Í lokin vill stjórnin hvetja þá félagsmenn sem ekki hafa lokið CIA-prófi að huga að því að setja sér markmið nú í upphafi árs um að taka a.m.k. áfangapróf í þeirri vegferð að öðlast faggildingu í innri endurskoðun.

F.h. stjórnar

Anna Margrét Jóhannesdóttir